



## Félag háskólakennara

### Skýrsla stjórnar Félags háskólakennara félag háskólamenntaðra starfsmanna Háskóla Íslands og tengdra stofnana starfsárið 2021 - 2022

Hlutverk félagsins er skilgreint í 2. grein laga þess og er eftirfarandi:

- að vinna að bættum kjörum og auknum réttindum félagsmanna og fara með samningsumboð fyrir félagsmenn.
- að upplýsa félagsmenn um réttindi þeirra og skyldur.
- að stuðla að samvinnu og samstöðu meðal félagsmanna.
- að efla símenntun félagsmanna og stuðla að eflingu rannsókna.
- að vera í fyrirsvari fyrir félagsmenn gagnvart skyldum innlendum og erlendum félagasamtökum.

Stjórnin telur skýrsluna endurspegla þessi hlutverk félagsins.

#### **Fjöldi félagsmanna 1. október 2021, skipting eftir stofnunum og starfsheitum:**

HÍ	Fjöldi	Stöðugildi
<i>Dósentar</i>	123	109,6
<i>Lektorar</i>	148	110,1
<i>Stjórnsýsla</i>	352	312,2
<i>Aðjúnktar I og II</i>	144	88,3
<i>Sérfræðingar, fræðimenn og vísindamenn</i>	29	24,7
<i>Nýdóttorar</i>	74	59,4
<i>Meistara – og doktorsnemar</i>	184	154,6
<i>Rannsóknarmenn</i>	145	99,1
<b>HÍ alls</b>	<b>1.199</b>	<b>958,0</b>
<b>Árnastofnun alls</b>	45	38,6
<b>Raunvísindastofnun alls</b>	107	94,2
<b>Landsbókasafn alls</b>	24	22,
<b>Keldur alls</b>	7	4,5
<b>Félag háskólakennara ALLS</b>	<b>1.382</b>	<b>1.117,5</b>

Samkvæmt skýrslu stjórnar frá starfsárinu 2020-2021 þá var fjöldi félagsmanna í október 2020 samtals 1.280 og því er fjölgun félagsmanna milli ára tæp 8%.

## **Stjórn**

Stjórn Félags háskólakennara starfsárið 2021 - 2022 skipuðu eftirfarandi:

Baldvin Zarióh, formaður (deildarstjóri).

Jens Hjörleifur Guðmundsson, varaformaður (lektor).

Ármann Höskuldsson, meðstjórnandi (vísindamaður).

Berglind Eva Benediktsdóttir, meðstjórnandi (dósent).

Guðmundur Ingi Guðmundsson, gjaldkeri (Landsbókasafni - háskólabókasafni).

Íris Davíðsdóttir, ritari (rekstrarstjóri).

Sævar Ingbórsson, meðstjórnandi, (dósent).

Pontus Erik Gunnar Jarvstad, fulltrúi styrkþega.

Á starfsárinu voru samtals 13 stjórnarfundir.

## **Starfsmaður**

Fastráðinn starfsmaður félagsins er Helga Birna Ingimundardóttir, framkvæmdastjóri.

## **Skrifstofa**

Heimilisfang og aðsetur félagsins er Bændahöllin við Hagatorg, suðurenda 2. hæð.

## **Trúnaðarstörf**

Á fyrsta fundi nýrrar stjórnar þann 2. júní 2021 var ákveðið að Jens Guðmundur Höskuldsson yrði varaformaður félagsins, Íris Davíðsdóttir ritari og Guðmundur Ingi Guðmundsson gjaldkeri.

Íris Davíðsdóttir var kosin formaður stjórnar Starfsþróunarsjóðs Félags háskólakennara (SFH).

Fulltrúi félagsins á háskólaþingi var kosinn Jens Guðmundur Hjörleifsson og varamaður var kosinn Guðmundur Ingi Guðmundsson.

Í siðanefnd HÍ var skipaður fyrir hönd félagsins, Henry Alexander Henrysson. Nefndin lét af störfum í mars 2022 og ný nefnd skipuð. Nýr fulltrúi félagsins, Ármann Höskuldsson, var skipaður í Siðanefnd á stjórnarfundum þann 2. mars sl.

Skoðunarmenn reikninga eru Sigríður Jónsdóttir og Reynir Örn Jóhannsson.

Kjörnefnd var kosin á aðalfundi 2021 og hana skipa Sigríður Jónsdóttir, Sverrir Guðmundsson og Kristín Harðardóttir.

Trúnaðarmenn félagsins eru tæplega tuttugu að tölu. Mikilvægt er að félagið hafi tengiliði á öllum sviðum og stofnunum þar sem félagsmenn starfa.

**Félag háskólakennara hvetur félagsmenn að kjósa trúnaðarmenn á sinni starfsstöð og mun veita þá aðstoð sem þarf.**

## Starfsárið, störf stjórnar

Alls hafa verið haldnir 13 stjórnarfundir á starfsárinu. Ýmis málefni hafa verið á borði stjórnar og gert er grein fyrir þeim helstu hér á eftir. Vegna heimsfaraldurs voru flestir fundir stjórnar í upphafi starfsárs haldnir á fjarfundum og sá háttur hefur gefist vel. Stjórn hefur einnig skipt með sér verkum og verkefnum undirnefnda sem hefur kallað á ýmsa aukafundi.

Kjarasamningur félagsins sem undirritaður var 3. janúar 2020 gildir til 31. mars 2023 og því hafa ekki verið um formlegar kjaraviðræður í gangi á starfsárinu. Hins vegar hafa mörg kjaratengd mál verið á borði samráðsnefndar háskólaráðs um kjaramál þennan veturinn og óvenju margir fundir haldnir í nefndinni, flestir fjarfundir.

### Samráðsnefnd háskólaráðs um kjaramál:

*Doktorsnemar, umboðsmaður, veikindi, samræming launa og „overhead“.* Stjórn félagsins ásamt FEDON hafði kallað eftir því að sett yrði á fót embætti umboðsmanns doktorsnema. Við því var orðið og nú er starfandi umboðsmaður doktorsnema sem hefur m.a. það hlutverk að vera hlutlaus aðili sem veiti doktorsnemum ráðgjöf og aðstoð varðandi mögulegar lausnir á vandamálum sem steðja að, upplýsa um réttindi og skyldur og stuðla að bættum samskiptum. Á fundum nefndarinnar hafa ýmis réttindi s.s. veikindi og launasetning doktorsnema, verið rædd ítarlega sem hefur svo leitt til þess að lausn og/eða úrbætur hafa verið gerðar.

*Aðjúnktar 1 í minna en 50% starfi.* Ákveðið var að breyta starfsskyldum aðjúnkta 1 þannig að ekki er lengur gerð krafa um 50% eða hærra starfshlutfall fyrir það starfsheiti.

*SKREF:* Félagsmenn er starfa í stjórnsýslustörfum hafa frá því í apríl á síðasta ári getað skoðað heildarstig sín skv. starfsmatskerfi SKREF í Uglu, eftir að þau voru gerð þar aðgengileg. Félagið hefur í framhaldi af þessari vinnu kallað eftir frekari úttekt á kerfinu og hefur sú vinna verið í gangi.

*Vinnutímastytting stjórnsýslu.* Félagið hefur kallað eftir úttekt á reynslu við styttingu vinnuvikunnar hjá starfsmönnum stjórnsýslu. Hí mun standa fyrir skoðanakönnun á meðal starfsmanna um það hvernig til hefur tekist.

Í samráðsnefnd háskólaráðs hefur einnig verið rætt um laun í sóttkví og skráningu í Vinnustund, tímabundina umbun starfsmanna, reglur um fjarvinnu, úttekt á veikindum í fjarvinnu, þrep fyrir kennslufræðinámskeið, reglur Vinnumatssjóðs, samspil veikinda og kennslu akademíks starfsfólks, húsnæðismál og aðstæður akademískra starfsmanna, styrki vegna símakostnaðar, samgöngustyrki, prófskírteini og málefni stundakennara.

### Fundir:

*Fundur með rektor:* Stjórn félagsins sendi formlegt bréf þann 17. ágúst 2020 til samráðsnefndar um kjaramál, þar sem vakin var athygli á því ósamræmi að umbuna ætti einum hópi félagsmanna umfram aðra vegna álags á tímum COVID-19. Því var lagt til að starfsfólki stjórnsýslu verði umbunað með þremur aukastigum í starfsmati. Erindi félagsins var svarað þann 2. mars. 2021 þar sem fram kom að ekki þótti ástæða til að veita sérstaklega þrjú stig í starfsmati. Stjórn félagsins óskaði eftir fundi með rektor vegna málsins og var við því brugðist. Fundur var haldinn með stjórn félagsins og rektor þar sem sjónarmið félagsins kom skýrt fram. Niðurstaða fundarins var hins vegar sú að afstaða háskólans vegna erindisins var óbreytt.

*Samráðsnefnd Raunvísindastofnunar:* Fundur var haldinn í samráðsnefnd Raunvísindastofnunar um sambærilegar breytingar á stofnanasamningi aðila og gert var í stofnanasamningi HÍ vegna skilgreindrar kennsluskyldu. Málið er enn vinnslu.

*Samráðsnefnd Landsbókasafns- háskólabókasafns:* Fundir hafa verið haldnir í samráðsnefnd safnsins og m.a. ákveðið að gera launasamanburð milli safnsins annars vegar og sambærilegra starfa við HÍ hins vegar, ásamt samanburði á launaröðun í starfsmatskerfunum og ársmatsgreiðslum. Landsbókasafns- háskólabókasafn stóð fyrir skoðanakönnun um styttingu vinnuvikunnar hjá starfsmönnum safnsins. Niðurstaðan var afgerandi en 85% starfsmanna eru ánægð með nýtt fyrirkomulag vinnutímans.

*Samningatækninámskeið Ríkissáttasemjara:* Sjö fulltrúar stjórnar félagsins ásamt framkvæmdastjóra tóku þátt í námskeiði er Ríkissáttasemjari stóð fyrir í mars og maí 2022. Námskeiðið er hugsað fyrir samningsaðila báðum megin borðs og eru þátttakendur sammála um það hafi verið mjög gagnlegt og að það muni nýtast vel í þeirri kjarasamningsgerð sem framundan er.

#### Skoðanakönnun félagsmanna um kjaramál:

Stjórn félagsins stóð fyrir skoðanakönnun meðal félagsmanna um kjaramál í janúar síðastliðinn. Þátttaka í könnuninni var tæplega 25% sem telst vera góð þátttaka. Tilgangur könnunarinnar var að fá sjónarmið félagsmanna á því hvað þeir telja að ætti að vera í forgangi í komandi kjarasamningum. Niðurstaðan var afgerandi meðal allra hópa félagsmanna um að mestu áhersluna eigi að leggja á launaliðinn. Þá voru einnig opnar spurningar í skoðanakönnuninni þar sem þátttakendur gátu komið ýmsum sjónarmiðum að til stjórnar félagsins. Margar góðar og gagnlegar athugasemdir komu þar fram sem stjórn mun taka til skoðunar og vinna með áfram.

Stjórn félagsins var með sérstakan vinnufund vegna kjaramála þann 5. maí sl. þar sem ýmis gögn voru skoðuð, þar á meðal niðurstöður skoðanakönnunarinnar og línur voru lagðar fyrir næstu skref. Stefnt er að öðrum vinnufundi til undirbúnings kjaraviðræðna í ágúst.

#### Starfshópur að endurskoðuðu samkomulagi um umhverfi matskerfis opinberu háskólanna:

Verkefnastjórn samstarfsnets opinberu háskólanna óskaði eftir því að kjarafélögin þrjú sem reiða sig á matskerfið við launaröðun, skipuðu sameiginlega einn fulltrúa þeirra í nefndina. Ákveðið var að Ármann Höskuldsson, vísindamaður, yrði fulltrúi félaganna þriggja, Félag háskólakennara, Félag Prófessora við ríkisháskóla og Félag Háskólakennara á Akureyri, í nefndinni. Starfshópurinn skilaði af sér tillögu þann 27. ágúst 2020 sem fól í sér almenna uppfærslu samkomulags auk þriggja meginefnisbreytinga sem eru:

- i. Matskerfisnefnd og Vísindanefnd opinberu háskóla eru sameinaðar í eina nefnd, Matskerfisnefnd opinberra háskóla, til að gera kerfið skilvirkara. Alls muni sex fulltrúar sitja í nefndinni. Þrír frá Háskóla Íslands þ.á.m. formaður, hinir opinberu háskólarnir eiga einn fulltrúa, ráðuneytin eiga sameiginleg einn fulltrúa og kjarafélögin þrjú eiga einn sameiginlegan fulltrúa. Starfstími fulltrúa opinberu háskólanna og kjarafélaganna er að hámarki þrjú ár.
- ii. Að allir hlutaðeigandi aðilar, háskólar, ráðuneyti, og kjarafélög veiti umsögn á tilteknum tíma um breytingar á matskerfinu. Þetta er lagt til svo samráð aðila verði tryggt um mögulegar breytingar.
- iii. Kveðið er á um að málskotsnefnd skuli skipuð sérfræðingum sem ekki eru í ráðningarsambandi við háskólanna fjóra. Markmiðið er að koma í veg fyrir hagsmunaárekstur.

Ákveðið var að fyrsti fulltrúi kjarafélaganna þriggja Fh, FPR og FHA í matskerfisnefnd opinberu háskólanna (sbr. i lið) komi úr röðum Félags Prófessora við ríkisháskóla. Þórólfur Matthías prófessor var tilnefndur sem fulltrúi kjarafélaganna þriggja og Hólmfríður Garðarsdóttir varamaður.

Tillögur hópsins um breytingar á matskerfinu lágu fyrir í október 2021. Akademískir stjórnarmenn áttu fund með Þórólfi Matthíassyni þann 26. október sl. þar sem hann kynnti tillögur að breytingum á kerfinu sem þá lágu fyrir. Góðar umræður voru á fundinum þar sem ýmis sjónarmið komu fram.

Félagið ásamt öðrum hagsmunaaðilum fengu frest til 16. nóvember sl. til að veita umsögn um breytingarnar. Félagið sendi inn sína umsögn þar sem m.a. var gagnrýnt að stig fyrir lokaritgerðir til

meistaraprófs höfðu verið felld niður í tillögunum. Einnig voru gerðar athugasemdir við mat á ritrýni, tengingu matsins og launasetningar ásamt almennum athugasemdum um umhverfi ungra akademískra starfsmanna. Tekið var tillit til athugasemda félagsins vegna meistararitgerða.

Nýtt endurskoðað matskerfi opinberra háskóla tók gildi 1. janúar 2022 sem kemur fyrst til framkvæmda við mat verka og starfa ársins 2022 samkvæmt framtali starfa í ársbyrjun 2023.

Skipun starfshóps um greiðslufyrirkomulag kennslu: Rektor skipaði starfshóp um greiðslufyrirkomulag kennslu sbr. ákvörðun háskólaráðs dags. 7. janúar 2021. Með skipuninni er verið að uppfylla 3. tl. samkomulags HÍ og félagsins í tengslum við undirritun kjarasamnings í janúar 2020. Fulltrúi félagsins í hópnum er Berglind Eva Benediktsdóttir. Undanfari þessa starfshóps er starfshópur félagsins og fulltrúa samráðsnefndar um kjaramál HÍ, vegna reikniflokka og vinnuskyldu akademískra starfsmanna, sem var starfandi á vormánuðum 2020.

Starfshópurinn fundaði stíft á fyrri hluta starfsársins þar sem stefnt var að því að leggja fyrir Háskólaráð lokadrög hópsins um áramótin. Hópurinn átti m.a. samtöl við ýmsa hagamunaaðila s.s. kennslumálanefnd og stúdenta, ásamt því að skoða ýmis gögn sem sem lögð voru fram. Akademískrir stjórnarmenn fengu kynningu á drögum að skýrslu starfshópsins í október síðastliðnum og gátu komið sínum sjónarmiðum að.

Hópurinn skilaði af sér endanlegum drögum til háskólaráðs í upphafi árs 2022. Rektor hefur óskað eftir því að hópurinn starfi áfram til að þróa og útfæra frekar þær sviðsmyndir sem tilgreindar eru í skýrslunni. Berglind Eva hefur samþykkt að sitja áfram í starfshópnum fyrir hönd félagsins.

Háskólabing 11. nóvember: Jens Guðmundur Hjörleifsson sat þingið fyrir hönd Félags háskólakennara. Meginefni þingsins var ný heildarsýn fyrir háskólasvæðið.

## **BHM**

Félag háskólakennara er fjórða fjölmennasta aðildarfélag bandalagsins og tekur virkan þátt í störfum þess og á eftirfarandi fulltrúa í stjórnnum og nefndum:

Stjórn BHM: Íris Davíðsdóttir ritari Félags háskólakennara var kosin í stjórn BHM á framhaldsaðalfundi bandalagsins hinn 9. september 2020. Hún er sjálfkjörin í stjórn BHM til tveggja ára á næsta aðalfundi BHM, sem haldinn verður 31. maí næstkomandi.

Formannaráðsfundir BHM: Baldvin Zarióh situr í formannaráði BHM. Íris Davíðsdóttir situr einnig fundina vegna stjórnarsetu í BHM.

Orlofssjóður BHM: Baldvin Zarióh var kosinn í stjórn orlofssjóðs BHM fyrir hönd félagsins á aðalfundi BHM í maí 2016 og af formannaráði árin 2018, 2019 og 2020 og hefur starfað sem ritari sjóðsins. Skv. samþykktum sjóðsins er skipunartími hans nú liðinn.

Lagabreytingarnefnd BHM: Íris Davíðsdóttir hefur setið í lagabreytingarnefnd BHM.

Kjörstjórn BHM: Íris Davíðsdóttir situr í kjörstjórn BHM.

Undirbúningsnefnd fyrir stefnumótunarþing BHM: Íris Davíðsdóttir, tók sæti í nefndinni fyrir hönd félagsins haustið 2019.

Kjara og réttindanefnd BHM: Helga Birna Ingimundardóttir framkvæmdastjóri var kosin í kjara- og réttindanefnd BHM á aðalfundi 2018. Hún býður sig ekki fram á næsta tímabili.

Umbótaþópur BHM: Baldvin Zariog og Íris Davíðsdóttir hafa starfað með svokölluðum umbótaþópi BHM. Hlutverk hans er að taka út stjórnskipulag BHM og koma með tillögur að nýju Stjórnskipulagi BHM.

#### Stefnumótunarping BHM

Stefnumótunarping BHM var haldið 25. febrúar 2022 og það sátu 15 fulltrúar Félags háskólakenanna. Þingið samþykkti stefnu BHM í 13 liðum. Þeir eru eftirtaldir: atvinnulif og nýsköpun, húsnæðismál, janfréttismál og fjölskylduvænn vinnumarkaður, launa- og kjaramál, lífeyrismál, menning og skapandi greinar, menntamál og háskólamenntun, skattamál, umhveris- og loftslagsmál, velferðarmál og vinnuverndarmál.

Á framhaldsaðalfundi þann 26. nóvember 2020 var samþykkt nýtt gjaldamódel BHM. Aðildargjöld BHM hafa ætíð verið tiltekið hlutfall félagsgjalda en því var breytt í fastagjald per. félagsmann frá 1. janúar 2021. Árið 2022 er því fyrsta árið sem unnið var eftir nýju gjaldamódeli, félagið fékk svokallaða „frystingu aðildargjalda“ á þessu starfsári, þar sem fjölgun félagsmanna hefur verið meiri en upphaflega var ráðgert. Gjaldamódelið er í skoðun hjá bandalaginu.

#### Málefni einstakra félagsmanna

Á skrifstofu félagsins leita fjölmargir félagsmenn með ýmis mál sem þeir óska eftir aðstoð við að fá úrlausn á. Vel hefur gengið að leysa úr erindum félagsmanna á liðnu starfsári og skrifstofa félagsins vill hvetja félagsmenn að hika ekki við að hafa samband ef eitthvað bjátar á í kjara- og/eða réttindamálum eða ef upplýsinga er þörf.

#### Erlent samstarf

Fundur sem fyrirhugaður var í Danmörku vorið 2020 var frestað vegna stöðu COVID-19. Þess í stað var haldinn fjarfundur þann 24. september 2020 þar sem meginþema fundarins var áhrif COVID-19 á háskólaumhverfið. Boðað var til annars fjarfundar þann 8. desember 2021 þar sem félögin sögðu frá því helsta sem hefur verið á döfinni.

Næsti fundur landanna verður haldinn í Kaupmannahöfn dagana 7. – 9. júní næstkomandi. Þema fundarins verður m.a. umræður um það hvernig vinnuumhverfi akademískra starfsmanna hefur þróast síðastliðin tvö ár, m.t.t. akademískt frelsis.

Félag háskólakennara hefur óskað eftir því að umræður verði á ensku og munu verða sérstakar umræður um það á fundinum í Kaupmannahöfn.

#### **LOKAORÐ:**

*Í byrjun árs 2020 var skrifað undir nýjan kjarasamning sem gildir út mars 2023. Það sem helst hefur einkennt starfsárið er vinna við ýmsa hluti í kjölfar þess kjarasamnings, meðal annars um styttingu vinnuvikunnar og gerð stofnanasamninga. Þá hefur félagið átt í mjög miklu og markvissu samstarfi við Samráðsnefnd HÍ um kjaramál sem hefur leitt til þess að mörgum umbótaverkefnum hefur verið lokið, s.s. gerð reglna fyrir vinnumatssjóð nýdaktora og ráðning umboðsmanns doktorsnema. Á síðasta aðalfundi Félags háskólakennara var lögum þess breytt á þann veg að ákvæði um aukaaðild var felld úr gildi og styrkþegar fengu fulltrúa í stjórn félagsins. Það er mat undirritaðs að vel hafi tekist til þar*

*Stjórnarmönnum og framkvæmdastjóra eru þökkuð fyrir afskaplega gott samstarf á líðandi starfsári.*

## Starfsþróunarsjóður Félags háskólakennara (SFH)

Stjórn Starfsþróunarsjóðs Félags háskólakennara starfsárið 2021 - 2022 skipuðu eftirfarandi:

Fulltrúar Félags háskólakennara:

Íris Davíðsdóttir rekstarstjóri, formaður.

Jens Hjörleifur Guðmundsson lektor.

Fulltrúar Háskóla Íslands:

Pórana Dietz starfsmannastjóri Heilbrigðisvísindasviðs.

Guðrún Margrét Eysteindóttir lögfræðingur á Starfsmannasviði.

Framkvæmdastjóri sjóðsins er Helga Birna Ingimundardóttir.

Alls voru haldnir 11 fundir í stjórn sjóðsins á starfsárinu og þeir haldnir bæði á staðnum og á fjarfundum.

### Úthlutunarreglur:

Á fyrsta fundi stjórnar SFH á starfsári 2021 og 2022 í júní 2021 var ákveðið að hafa sérstakan vinnufund til þess að endurskoða úthlutunarreglur sjóðsins, ásamt því að kynna sjóðinn sérstaklega vel fyrir félagsmönnum og stofnunum. Þá var jafnframt ákveðið að formaður og framkvæmdastjóri myndu eiga fund með fulltrúum Starfsþróunarseturs til að fara yfir vinnulag sjóðanna og túlkanir á reglum. Eftir vinnufund stjórnar í september 2021 lágu fyrir drög að nýjum úthlutunarreglum sem tóku gildi 1. janúar 2022.

Helstu breytingar eru þessar:

- Úthlutanir verða mánaðarlega en ekki á tveggja mánaða fresti eins og áður.
- Hámarksupphæð styrkja verður **kr. 600.000 á 18 mánuðum**, í stað kr. 500.000 áður.
- Námskeiðsgjöld vegna markþjálfurnarnáms sem lýkur með gráðu, telst styrkhæft enda talið til starfsþróunar.
- Innanbæjarsamgöngur, þegar um er að ræða ferð til og frá lokaáfangastað hækkar í kr. 10.000, var kr. 7.500.
- Gildistaka er 1. janúar 2022.
- Framkvæmdastjóra heimilt að greiða á milli funda umsóknir vegna skráningargjalda/skólagjalda og tungumálanámskeiða að uppfylltum ákveðnum skilyrðum.

### Umsóknir stofnana:

Grein 6 í starfsreglum stjórnar Starfsþróunarsjóðs Félags háskólakennara orðast svo:

„Við framsetningu fjárhags- og starfsáætlunar skal stjórn taka afstöðu hverju sinni til þeirra hlutfalla sem skulu ráða við ráðstöfun tekna sjóðsins gagnvart þeim sem rétt eiga til styrkumsókna, en þeir eru:

- i. Félagsmenn Félags háskólakennara, félags háskólamenntaðra starfsmanna Háskóla Íslands og tengdra stofnana.
- ii. Háskóli Íslands, Landsbókasafn Íslands –háskólabókasafn, Raunvísindastofnun Háskólans, Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum og Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum.

Stjórninni er heimilt að setja allt að 50% vikmörk á þau hlutföll sem ákveðin eru hverju sinni.“

Á vinnufundi stjórnar í september sl. var að ákveðið var að skipting skv. 6.i skuli vera 70% og skv. 6.ii verði 30%.

Á starfsárinu hafa verið samþykktar og greiddar tvær umsóknir frá Háskóla Íslands og er það í fyrsta skipti sem Starfsþróunarsjóður Félags háskólakennara samþykkir umsóknir frá stofnunum. Annars vegar er um að ræða umsókn HÍ vegna „stjórnendabjálfun nýrra stjórnenda í Háskóla Íslands“ og hins vegar vegna umsóknar HÍ um „móttökumiðstöðvar nýrra starfsmanna“.

#### **Kynningarmál:**

Stjórn sjóðsins lagði mikla áherslu á að kynna sjóðinn vel fyrir félagsmönnum og var það gert ítrekað með tölvupóstum ásamt því að rekstrarstjórum HÍ var sendur sérstakur póstur frá formanni sjóðsins, með ósk um að sjóðurinn verði kynntur á starfsmannafundum sviða.

Þá var öllum dósentum sendur tölvupóstur í tvígang þar sem vakin var athygli á því að réttindi úr SFH falla niður með framgangi í starf prófessors.

Stjórn sjóðsins hefur ákveðið að endurskoða heimasíðu sjóðsins með það fyrir augum að gera hana aðgengilegri fyrir félagsmenn.

#### **Tölulegar upplýsingar um starfsemi sjóðsins á árunum 2017 til 2021 má sjá í eftirfarandi töflu:**

<b>Starfsár</b>	<b>2021</b>	<b>2020</b>	<b>2019</b>	<b>2018</b>	<b>2017</b>
<b>Fjöldi umsókna</b>	190	138	275	214	107
Samþykktar umsóknir	181	132	258	200	97
Ósamþykktar eða hætt við umsóknir	9	6	17	14	10
Styrkir sem greitt er fyrir:					
skólagjöld	31%	32%	14%	17%	24%
námskeiðsgjöld	35%	35%	9%	11%	11%
ráðstefnugjöld	8%	10%	21%	20%	12%
rannsóknamisseri	2%	0	0	0%	0
kostnaður við flug	9%	11%	29%	27%	28%
kostnaður við akstur	2%	0,5%	2%	1%	0%
kostnaður við hótél	13%	11,5%	25%	24%	23%
Greiddir styrkir einstaklingar kr.	19.502.047	16.113.637	34.497.513	21.847.214	11.119.267
Greittir styrkir stofnanir (HÍ) kr.	1.118.520	0	0	0	0
<b>Alls greiddir styrkir kr.</b>	<b>20.620.297</b>				
<b>Skipting umsókna eftir stofnunum og starfsheimum:</b>					
HÍ	93%	96%	91%	94%	90%
akademískir	25%	26%	48%	48%	43%
stjórnsýsla	29%	44%	30%	34%	32%
nemar og rannsóknarfólk	46%	52%	22%	18%	23%
Landsbókasafn–háskólabókasafn, Raunvísindastofnun, Keldur og Árnastofnun	7%	4%	9%	6 %	10%